

Október 2021



# Verkfærakista um heimsmarkmiðin fyrir fyrirtæki

Hagnýt skref við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Stjórnarráð Íslands



**Útgefandi:**

Forsætisráðuneytið

Október, 2021

[www.heimsmarkmidin.is](http://www.heimsmarkmidin.is)

**Umbrot og textavinnsla:**

Ráðgjöf vegna innihalds: Fanney Karlsdóttir

Mynd á forsíðu: Golli

©2021 Forsætisráðuneytið

# Inngangur

Á jörðinni stöndum við frammi fyrir umfangsmiklum áskorunum fyrir efnahag, samfélag og umhverfi. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru sett fram sem alþjóðleg áætlun til ársins 2030 til að takast á við þessar áskoranir.

Áætlunin er djörf, krefjandi en um leið full af tækifærum.

Þessi verkfærakista veitir fyrirtækjum leiðbeiningar um hvernig þau geta lagt sitt af mörkum til að heimsmarkmiðunum verði náð með því að aðlaga starfsemi sína, áætlanir sem og árangursmælingar að markmiðunum.

Fyrirtæki sem vinna markvisst að því að innleiða sjálfbærni í rekstur sinn bæta með því samkeppnishæfni sína, minnka áhættu í rekstri og laða til sín fjármagn og gott starfsfólk.

Með vinnu að heimsmarkmiðunum sköpum við betra samfélag og umhverfi en jafnframt betri rekstur fyrirtækja. Heimsmarkmiðin eru sameiginlegur leiðarvísir sem hvetur okkur áfram.

## HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Samantekt .....	5
Innleiðing heimsmarkmiðanna skref fyrir skref .....	6
1. skref: Vitundarvakning .....	7
2. skref: Kortlagning .....	10
3. skref: Forgangsröðun og skipulag.....	13
4. skref: Innleiðing .....	19
5. skref: Mælingar og miðlun .....	23
Annað hagnýtt efni .....	25



# Samantekt

## Fyrirtæki og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af ríkisstjórnnum en eru í raun ákall um aðgerðir af hálfu allra og alls staðar. Til að ná markmiðunum þarf öflugan samtakamátt og markvissar aðgerðir ríkja, sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka.

Heimsmarkmiðin fela í sér áherslu á sjálfbæra þróun til hagsbóta fyrir **samfélag, umhverfi og efnahag**. Þessar þrjár stóðir sjálfbærni eru samofnar í markmiðunum og sýna að jafnvægið á milli þeirra er mikilvægt til að skapa umbætur og velmegun. Heimsmarkmiðin benda þannig á að aðgerðir til að skapa efnahagslega velmegun verða að haldast í hendur við verndun jarðarinnar og að binda enda á alls kyns félagslegan skort og ójöfnuð.

Heimsmarkmiðin veita fyrirtækjum um heim allan sameiginlegan ramma fyrir sjálfbærni í rekstri. Með markmiðunum verður um leið til sameiginlegt tungutak um umbætur þar sem í auknum mæli er vísað í tiltekin markmið og undirmarkmið heimsmarkmiðanna í tengslum við fyrirtækjarekstur og aðra starfsemi.

Þar sem fjölbreyttir og ólíkir aðilar eru kallaðir að borðinu til að innleiða heimsmarkmiðin geta skapast tækifæri fyrir öflugt samstarf fyrirtækja við aðila á borð við ríki, sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir sem og fjárfesta og viðskiptavini. Með þessu skapast um leið tækifæri fyrir viðskiptaþróun og víðtæka sátt um starfsemi fyrirtækis.

## Verkfærakistan í hnotskurn

Tilgangurinn með verkfærakistunni er að veita fyrirtækjum leiðbeiningar um hvernig þau geta stuðlað að framgangi heimsmarkmiðanna með því að aðlaga starfsemi sína, áætlanir sem og árangursmælingar að markmiðunum.

Verkfærakistan setur fram fimm skref sem er ætlað að aðstoða fyrirtæki við að taka fyrstu skrefin í því að tengja heimsmarkmiðin við viðskiptastefnu sína og þannig vinna markvisst að innleiðingu þeirra.

Verkfærakistan er ekki tæmandi listi yfir aðferðir við innleiðingu heimsmarkmiðanna heldur er tilgangurinn að gefa hugmyndir að hagnýtum leiðum til að nálgast markmiðin og efla um leið sjálfbærni í daglegum rekstri. Þetta eru verkfæri til að koma af stað samtölum og áætlunum um framkvæmd heimsmarkmiðanna. Sérhvert fyrirtæki aðlagar markmiðin og innleiðingaraðferðir að sinni kjarnastarfsemi og rekstrarumhverfi.

Í verkfærakistunni er iðulega vísað í hagaðila (e. stakeholders) þegar bent er á hópa sem starfsemi fyrirtækis snertir og huga ber að samstarfi og samráði við.

Verkfærakistan byggir á erlendum fyrirmyndum auk dæma frá Íslandi og þá er að miklu leyti stuðst við [SDG Compass](#), [Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni](#), var ráðgjafa einnig innan handar um efnistöð og innihald.

# Innleiðing heimsmarkmiðanna skref fyrir skref

Verkfærakistan inniheldur eftirfarandi hluta sem mynda fimm skref. Skref tvö til fimm er hægt að hugsa sem hringrás eða stöðugt ferli þar sem reglulega er gert endurmat á markmiðum, aðgerðum og mælingum.



1. skref

## Vitundarvakning

- Kynna sér heimsmarkmiðin
- Skilja ábyrgð fyrirtækja
- Skilja tækifæri fyrirtækja
- Tryggja stuðning stjórnenda
- Skoða þekkingu hagaðila



2. skref

## Kortlagning

- Greina núverandi starfsemi
- Greina virðiskeðjuna
- Greina hagaðila
- Skoða áherslur annarra
- Mynda tengsl við önnur fyrirtæki



3. skref

## Forgangsröðun og skipulag

- Nýta heimsmarkmiðin sem stefnumótunartæki
- Forgangsráða
- Samráð
- Velja mælikvarða og gera upphafsmælingar
- Tímasett aðgerðaáætlun og markmið
- Birta skuldbindingar sínar
- Ákveða innra skipulag



4. skref

## Innleiðing

- Samstarf
- Fræðsla
- Reglulegir stefnufundir
- Samtal við hagaðila og önnur fyrirtæki
- Sækja innblástur og skoða frekara samstarf



5. skref

## Mælingar og miðlun

- Mæla árangur og meta framhald
- Miðla niðurstöðum
- Regluleg miðlun vinnunnar
- Skapa tækifæri til þekkingarmiðlunar

# 1. skref: Vitundarvakning



## Kynna sér heimsmarkmiðin

Fyrsta skrefið er að kynna sér innihald heimsmarkmiðanna og skapa sameiginlegan skilning á þeim meðal þátttakenda í innleiðingunni.

Hægt er að nálgast fjölbreytt efni um heimsmarkmiðin á [heimsmarkmidin.is](http://heimsmarkmidin.is). Í lok þessarar kistu fylgja einnig upplýsingar um notkun heimsmarkmiðamerkjanna og hlekkir á annað hagnýtt efni.

Heimsmarkmiðin tóku við af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem voru í gildi á árunum 2000-2015. Þau markmið höfðu sérstakan fókus á þróunarlönd og lögðu áherslu á að bregðast við mestri neyð fólks. Með heimsmarkmiðunum er litið til alls heimsins og hnattrænna áskoranna. Fókusinn er settur á sjálfbæra þróun; samspil umhverfis, efnahags og samfélags.

Þótt heimsmarkmiðin séu fyrst og fremst miðuð að þjóðríkjum þá er þeim ætlað að höfða til fjölda aðila og geira sem eru mikilvægir til að skapa áherslur og samstarf í átt að sjálfbærri þróun. Heimsmarkmiðin viðurkenna lykilhutverk fyrirtækja í því að ná markmiðunum og fjöldi fyrirtækja kom að þróun þeirra.

## Skilja ábyrgð fyrirtækja tengd heimsmarkmiðunum

Hluti af því að kynna sér heimsmarkmiðin er að átta sig á ábyrgð fyrirtækja tengd þeim sem og þau tækifæri sem markmiðin geta skapað fyrir fyrirtæki. Árangur heimsmarkmiðanna mun að stórum hluta felast í því að hve miklu leyti og hversu hratt fyrirtæki um allan heim þróa sjálfbærari viðskiptalíkön. Að sama skapi snerta áskoranir sem felast í heimsmarkmiðunum öll fyrirtæki upp á rekstrarskilyrði þeirra.

Heimsmarkmiðin skora á fyrirtæki að efla sjálfbærni í gegnum fjárfestingar sínar, lausnirnar sem þau þróa og þá viðskiptahætti sem þau temja sér. Í þessari vinnu hvetja heimsmarkmiðin fyrirtæki til að draga úr neikvæðum áhrifum sínum og auka jákvæð áhrif sín á umhverfislega, félagslega, og efnahagslega þætti.

## Heimsmarkmiðin í hnotskurn

- voru samþykkt af öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og gilda á tímabilinu 2016-2030
- eru leiðarvísir fyrir ríki til að takast á við stórar áskoranir á borð við hnattræna hlýnun, sárafátækt, ójöfnuð og tækniþróun þar sem hugað er að tækifærum fyrir alla og verndun jarðarinnar
- eru 17 talsins með alls 169 undirmarkmið
- snúast um samþættingu efnahags, samfélags og umhverfis sem eru þrjár stoðir sjálfbærni
- eru algild, ríki hafa skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að þeim innanlands og erlendis
- eru samofin og samverkandi og geta því haft jákvæð og neikvæð áhrif á hvert annað
- hafa þau einkunnarorð að undanskilja enga hópa eða einstaklinga í innleiðingunni
- krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda sem og fjölmargra hagsmunaaðila

Vinna við heimsmarkmiðin felur í sér það sem skilgreint hefur verið sem **samfélagsábyrgð fyrirtækja** (e. corporate social responsibility) og er nú í auknum mæli einnig talað um sem **sjálfbærni** (e. sustainability). Þessi hugtök ramma inn ábyrgð fyrirtækja þegar kemur að félagslegum og umhverfislegum áhrifum af rekstri sem og áherslu á góða stjórnarhætti.

Árið 2017 voru lögfestar kröfur um siðferðileg viðmið í fjárfestingum lífeyrissjóða á Íslandi sem ýta undir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Auk þess sýna rannsóknir á fjárfestingum á alþjóðavísu skýrt samband á milli góðs árangurs fyrirtækja í sjálfbærnimálum og arðsemi í rekstri til lengri tíma.

## Skilja tækifæri fyrirtækja tengd heimsmarkmiðunum

Fyrirtæki sem vinna markvisst með áhrif sín á umhverfið, félagslega þætti og góða stjórnarhætti finna fyrir auknum áhuga fjárfesta, viðskiptavinir kjósa í vaxandi mæli þeirra vörur umfram aðrar, hæfileikaríkt fólk leitast eftir því að vinna fyrir þau og langtíma hagnaður eykst.

Innleiðing sjálfbærni í takt við heimsmarkmiðin skilar því fyrirtækjum og stofnunum fjölbreyttum ávinningi, svo sem hagræðingu og minni sóun, betri áhættustýringu, betra orðspori hjá viðskiptavinum og aukinni starfsánægju vegna aukinnar áherslu á jafnrétti og heilsu.

Á vef Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, er að finna undirsíðuna „[Auratal](#)” sem hefur að geyma dæmisögur frá fyrirtækjum á Íslandi um hagnaðinn sem þau merkja með áherslu á sjálfbærni.

Hnattrænar áskoranir á borð við loftslagsbreytingar, kynjamisrétti og heimsfaraldur kórónuveiru skapa aðstæður sem kalla á nýskapandi lausnir þar sem fyrirtæki skipta miklu máli. Heimsfaraldur kórónuveiru sýndi fram á nauðsyn þess að grípa strax til afgerandi aðgerða með samtakamætti einkageirans og hins opinbera. Það veltur á fyrirtækjum að vera reiðubúin að grípa ný tækifæri sem geta skapað fyrirtækinu ný og góð viðskiptatækifæri, skapað ný atvinnutækifæri og orðið umhverfinu og samfélaginu til heilla.

## Tengsl við leiðarvísa um samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Heimsmarkmiðin eru nátengd viðmiðum og leiðbeiningum um samfélagsábyrgð og sjálfbærni fyrirtækja sem hafa þróast síðustu áratugi í samstarfi fyrirtækja, stjórnvalda, félagasamtaka og sérfræðinga. Slík viðmið og leiðbeiningar hafa nú mörg hver verið tengd með sýnilegum hætti við heimsmarkmiðin.

Dæmi:

- [UN Global Compact](#) bendir á lágmarks viðmið fyrir samfélagsábyrgð fyrirtækja og er sáttmáli sem fyrirtæki eru hvött til að skrifa undir. Viðmiðin eru tíu talsins og snerta umhverfismál, mannréttindi, vinnurétt og varnir gegn spillingu.
- Staðallinn [ISO 26000: Leiðbeiningar um samfélagsábyrgð](#) er meðal leiðbeininga sem mælt er með að fyrirtæki taki mið af í vinnu sinni með sjálfbærni og heimsmarkmiðin. Staðlaráð Íslands bendir einnig á hvernig [nokkrir vinsælir ISO staðlar tengjast heimsmarkmiðunum](#). Auk þess hafa ISO samtökin í heild sinni kortlagt vel á fjórða þúsund alþjóðlegra staðla sem varða heimsmarkmiðin með einum eða öðrum hætti.
- [UFS \(ESG\) leiðbeiningar kauphallar Nasdaq](#) eru leiðbeiningar fyrir fyrirtæki um birtingu upplýsinga um samfélagsábyrgð. Þessir þættir eru umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnarhættir eða UFS (e. ESG – environment, social, governance). Nánar er fjallað um UFS leiðbeiningarnar og aðra mælikvarða í skrefi 3 um val á mælikvörðum.

Nánari upplýsingar um viðmið, staðla og leiðbeiningar sem og ýmis hagnýt tól tengd innleiðingu samfélagsábyrgðar og sjálfbærni er að finna á vef [Festu](#) og [sdgcompass.org](#).



## Tryggja stuðning stjórnenda við verkefnið

Mikilvægt er að fá skýrt umboð frá æðstu stjórnendum í fyrirtækinu til að hefja vinnu við heimsmarkmiðin og að tryggð sé forysta stjórnenda í verkefninu. Það er því æskilegt að stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækis fjalli um og álykti um vinnu tengda heimsmarkmiðunum til að stuðningur við verkefnið sé til staðar.

## Skoða þekkingu hagaðila

Til að ná árangri í innleiðingu heimsmarkmiðanna þarf að virkja fjölmarga aðila til þátttöku. Fyrir fyrirtæki er lykilatriði að huga að vitund eigenda og starfsfólks en hafa einnig í huga þekkingu viðskiptavina upp á samskipti við þá. Því er gott að skoða vitund almennings um heimsmarkmiðin.

Íslensk stjórnvöld hafa efnt til kynningarherferða um heimsmarkmiðin með ýmsum hætti undanfarin ár, svo sem í gegnum þáttagerð í sjónvarpi og með því að senda veggspjöld með heimsmarkmiðunum til allra grunnskóla og bókasafna. Árlegar mælingar sýna að vitundin hefur aukist talsvert á milli ára og nú eru um 80 prósent landsmanna sem hafa heyrt um eða þekkt heimsmarkmiðin. Það ætti því að vera hægt að gera ráð fyrir að flestir á Íslandi hafi heyrt um heimsmarkmiðin en óvíst hversu vel fólk þekkir til þeirra. Í næsta skrefi er kortlagning helstu hagaðila og því næst samráð við þá.

Hagnýtt efni um heimsmarkmiðin er að finna  
á [www.heimsmarkmidin.is](http://www.heimsmarkmidin.is)

## 2. skref: Kortlagning



### Greina núverandi starfsemi út frá sjálfbærni

Kortlagning felur í sér að framkvæma mat á því hver eru núverandi og möguleg áhrif af starfsemi fyrirtækisins á heimsmarkmiðin, bæði jákvæð og neikvæð og í gegnum alla virðiskeðjuna. Slíkt mat mun aðstoða við að greina hvar hægt er að efla jákvæð áhrif og draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif.

Gott fyrsta skref í kortlagningu er að greina hvaða aðgerðir fyrirtækisins eru nú þegar að styðja við heimsmarkmiðin þótt þær hafi ekki verið merktar þannig. Gott er að byrja á að spyrja spurninganna:

- Hvernig vinnum við með sjálfbærni?
- Hvernig passa heimsmarkmiðin inn í okkar starfsemi?

Slík kortlagning verður hluti af því ferli að tengja heimsmarkmiðin við núverandi framtíðarsýn fyrirtækis, stefnur og áætlanir sem síðan er hægt að þróa frekar og fjallað er um í næsta skrefi um forgangsroðun.

Ef fyrirtæki hefur nú þegar skilgreint verkefni sín og stefnur út frá samfélagsábyrgð og sjálfbærni er vert að setja þær áherslur í samhengi við heimsmarkmiðin. Ef fyrirtæki hefur ekki sett sér slíkar áherslur geta heimsmarkmiðin reynst góður leiðarvísir til þess.

### Greina virðiskeðjuna

Vert er að skoða alla virðiskeðju fyrirtækisins upp á hvaða snertifletir eru þar við sjálfbærni, allt frá aðföngum og framleiðslu, yfir í dreifingu, notkun á vörum fyrirtækisins og í lok líftíma vöru. Slíkt mat getur verið gróf greining á helstu jákvæðu og neikvæðu áhrifum í virðiskeðjunni á þætti sem snerta heimsmarkmiðin. Vert er að hafa í huga núverandi áhrif og möguleika á öðrum áhrifum til framtíðar. Slíkt gróft mat felur ekki í sér greiningu á öllum heimsmarkmiðunum í hverjum hlekk virðiskeðjunnar heldur frekar skimun á hvar er hægt að búast við mestum áhrifum. Virðiskeðjan er þá greind með þetta í huga:

- Hvernig kjarnastarfsemi fyrirtækisins, tækni og vöruframboð er að hafa, eða getur haft, jákvæð áhrif á framgang eins eða fleiri heimsmarkmiða.
- Hvernig starfsemi fyrirtækisins hefur eða getur haft bein eða óbein neikvæð áhrif á eitt eða fleiri heimsmarkmið.

Ýmis töl og aðferðir geta gagnast fyrirtækjum til að greina virðiskeðjuna og gera annars konar áhrifsgreiningar á borð við mikilvægisgreiningu (e. materiality analysis). Slík gögn er m.a. að finna á [sdgcompass.org](https://sdgcompass.org) og [rafrænu bókasafni UN Global Compact](https://www.un.org/globalcompact/).

### Greina hagaðila

Það er nauðsynlegt að greina hvaða aðilar verða fyrir áhrifum af starfsemi fyrirtækisins til að geta átt í samstarfi og samráði við þá og þannig tryggt áhrifaríkari innleiðingu heimsmarkmiðanna. Áhrif fyrirtækisins á hagaðila geta verið bæði jákvæð og neikvæð og út frá þremur stoðum sjálfbærni; efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg.

Ráðlegt er að huga sérstaklega að hagaðilum sem fyrirtækið gæti haft neikvæð áhrif á með aðgerðum sínum og ákvarðanatöku. Jafnframt er æskilegt að forgangsraða öðrum hagaðilum eftir áhrifum sem fyrirtækið hefur á þá og möguleg áhrif sem þeir hafa á fyrirtækið.

Æskilegt er að undirbúa og hefja samtal við ýmsa hagaðila til að kanna áhuga þeirra á samstarfi, aðstæður þeirra til þátttöku og þeirra helsta framlag. Gagnlegt er að greina hvaða hagaðilar eru í leiðandi hlutverkum við

#### Helstu hagaðilar fyrirtækja:

- Eigendur/fjárfestar
- Starfsfólk
- Viðskiptavinir
- Nærsamfélag
- Náttúra
- Birgjar



## Mynda tengsl við önnur fyrirtæki

Hagnýtt skref í kortlagningu sem og næstu skrefum innleiðingar heimsmarkmiðanna er að mynda tengsl við önnur fyrirtæki sem einnig láta sig sjálfbærni og heimsmarkmiðin varða. Þannig skapast möguleikar fyrir fyrirtæki til að mæta sig við aðferðir annarra og skiptast á reynslu og þekkingu. [Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni](#), er dæmi um vettvang fyrir fyrirtæki til að læra hvert af öðru um innleiðingu heimsmarkmiðanna. Einnig má nefna sem dæmi [IcelandSIF](#), samtök fyrirtækja um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar, og [tengslahóp fyrirtækja á Íslandi sem eru aðilar að Global Compact](#).

# 3. skref: Forgangsröðun og skipulag



## Nýta heimsmarkmiðin sem stefnumótunartæki

Eftir kortlagningu á stöðu og starfsemi fyrirtækis gagnvart heimsmarkmiðunum er næsta skref að ákveða hvernig nýta skuli heimsmarkmiðin í vinnu með núverandi stefnur sem og þróa nýjar stefnur, verkefni og mælanleg markmið. Ekki ber að líta á heimsmarkmiðin sem stefnu til viðbótar við aðrar stefnur heldur aðferð til að móta, bæta og innleiða þær stefnur og áætlanir sem fyrirtækið setur sér. Heimsmarkmiðin nýtast því sem stefnumótunartæki.

## Velja ákveðin heimsmarkmið til að forgangsráða

Ekki öll heimsmarkmiðin eru jafn viðeigandi fyrir hvert fyrirtæki. Með því að forgangsráða heimsmarkmiðunum gera fyrirtæki sér auðveldara fyrir að einbeita sér að helstu áhrifum sem fyrirtækið hefur á markmiðin sem og tækifæri og áskoranir sem felast í markmiðunum fyrir fyrirtækið.

Við forgangsröðun eru ákveðin heimsmarkmið og jafnvel undirmarkmið þeirra tilgreind sem áherslumarkmið fyrirtækis.

Æskilegt er að forgangsráða heimsmarkmiðunum til að einbeita sér að þeim þáttum sem telja má að hafi mest áhrif á heimsmarkmiðin í starfsemi fyrirtækisins og virðis\_keðju þess. Þannig er séð til þess að kröftunum sé dreift á rétta staði og hægt að forðast að stunda grænþvott með því einungis að merkja sig með ýmsum heimsmarkmiðum í stað þess að greina þau markmið sem helst snúa að kjarnastarfseminni og vinna markvisst að þeim. Eins getur forgangsröðun komið í veg fyrir að fyrirtækjum fallist hendur við að innleiða heimsmarkmiðin og því er gott að búa þau niður.

Vert er að hafa í huga að áhersla á eitt heimsmarkmið útilokar ekki að unnið sé að öðrum heimsmarkmiðum því samlegðaráhrifin á milli allra heimsmarkmiðanna eru mikil. Þó ber jafnframt að hafa í huga að ekki sé lögð það mikil áhersla á eitt heimsmarkmið að það skapi neikvæð áhrif á önnur

markmið, svo sem með of miklum áherslum á efnahagslega og félagslega þætti sem geta haft neikvæð áhrif á umhverfislega þætti.



## Nálganir við forgangsröðun heimsmarkmiðanna

Lykilatriði við forgangsröðun er að skoða hvaða heimsmarkmið og undirmerkið þeirra tengjast vel kjarnastarfsemi fyrirtækisins og virðisæðju þess. Meta þarf hvar er auðveldlega hægt að stýra áhrifunum af rekstri fyrirtækisins á heimsmarkmiðin, bæði efla jákvæð áhrif og draga úr neikvæðum. Þannig er hægt að byrja á þeim markmiðum sem greiðlega gengur að ná utan um. Vert er að huga að eftirfarandi þáttum við forgangsröðun sem eru um margt tengdir:

- Bein áhrif – greina hvaða heimsmarkmið fyrirtækið hefur bein áhrif á með starfsemi sinni, til dæmis með ábyrgu vöruframboði og ábyrgum innkaupum.
- Efla jákvæð áhrif – greina hvernig fyrirtækið getur haft sem mest jákvæð áhrif á heimsmarkmiðin og leggja áherslu á þá þætti.
- Lágmarka neikvæð áhrif – greina hvaða þættir í rekstri fyrirtækisins vinna gegn heimsmarkmiðunum og leggja áherslu á að draga úr þeim.
- Mikilvæg markmið – greina hvaða markmið eru mikilvæg fyrir kjarnastarfsemi fyrirtækisins eða hagaðila. Mikilvægisgreining getur sýnt hver eru mikilvægustu heimsmarkmiðin út frá kjarnastarfsemi fyrirtækisins að mati starfsfólks eða annarra hagaðila.
- Helstu áskoranir – greina hvað í rekstri fyrirtækisins tengist vel heimsmarkmiðunum en skapar miklar áskoranir fyrir fyrirtækið að ná. Áhersla á áskoranir getur ýtt undir að komið er auga á ný tækifæri þeim tengdum.
- Helsta áhætta – greina hvaða markmið skapa mestu áhættu fyrir fyrirtækið og samfélagið ef ekki er unnið með þau.

**Dæmi: Mikilvægisgreining Mannvits** á áhrifum fyrirtækisins á heimsmarkmiðin í gegnum þjónustu við viðskiptavini. Alls hefur Mannvit greint að fyrirtækið snerti 14 af 17 heimsmarkmiðum með daglegri starfsemi sinni og ráðgjöf til viðskiptavina. Sjá nánar í [sjálfbærnisráðgjöf Mannvits](#) á vef fyrirtækisins.



### Er fyrirtækið líka að tengja við undirmerkið?

Við forgangsröðun heimsmarkmiðanna ert vert að skilgreina ekki bara hvernig starfsemi fyrirtækisins hefur áhrif á heimsmarkmiðin 17 heldur skoða jafnframt undirmerkið við hvert markmið og tengja við þau. Þannig verður tenging fyrirtækis við heimsmarkmiðin skýrari og áhrifameiri í kjölfarið.

## Vera í samráði við hagaðila um áherslur og verkefni

Líkt og áður hefur verið nefnt fela heimsmarkmiðin í sér virka þátttöku sem flestra. Við forgangsröðun er mikilvægt að tryggja þátttöku annarra en bara stjórnenda til að fá fjölbreytt sjónarhorn og til að stuðla að lögmæti næstu skrefa, innleiðingu og eftirfylgni.

Samráð við ýmsa hagaðila um forgangsröðun getur tryggt víðtæka samstöðu og sátt um áherslur innan og utan fyrirtækis.

### Samráð innan fyrirtækis

Innan fyrirtækisins er iðulega góð reynsla, þekking og hæfni til að greina áhrif og áskoranir fyrirtækisins og leiðir að nýjum verkefnum.

Til að virkja starfsfólk í bæði markmiðasetningu og innleiðingu er mikilvægt að sýna fram á hvernig markmiðin tengjast daglegum störfum fólks.

Hægt er að virkja starfsfólk með fjölbreyttum leiðum, svo sem vinnustofum þar sem áhrif og áskoranir fyrirtækis er varða heimsmarkmiðin eru greind í sameiningu. Eins geta kannanir nýst til að kalla eftir hugmyndum og viðbrögðum við stefnum og áætlunum.

### Samráð utan fyrirtækis

Aðilar utan fyrirtækisins geta aðstoðað við að greina bæði jákvæð og neikvæð áhrif fyrirtækisins. Það getur gagnast að greina hagsmuni og mögulegar áhyggjur fólks af áhrifum fyrirtækisins á umhverfislega og félagslega þætti sem og efnahag. Jafnframt er mikilvægt að leggja sig fram um að skilja stöðu og sjónarhorn hagaðila sem geta ekki sett fram skoðanir sínar, svo sem framtíðarkynslóðir og vistkerfi, og taka tillit til illa settra eða jaðarsettra hópa.

Fyrirtæki geta skoðað leiðir fyrir samráð í tengslum við miðlun á stefnu og árangri fyrirtækisins. Einnig getur fyrirtæki boðið upp á samtal við hagaðila með því að bjóða upp á einfaldar leiðir til að hafa samband við fulltrúa fyrirtækisins og bjóða upp á regluleg hagaðilasamtöl í gegnum meðal annars fundi og spurningalista.

*Til að tryggja árangursríka innleiðingu heimsmarkmiðanna er mikilvægt að halda áfram samskiptum og samstarfi við innri og ytri hagaðila fyrirtækis í gegnum næstu tvö skrefin, annars vegar innleiðingu og hins vegar mælingar og miðlun.*

## Velja mælikvarða og gera upphafsmælingar

### Val á mælikvörðum

Við forgangsröðun heimsmarkmiðanna fléttast inn val á mælikvörðum og upphafsmælingar. Fyrir hvern þann þátt í starfsemi fyrirtækisins sem talinn er hafa mikil áhrif á heimsmarkmiðin er æskilegt að finna einn eða fleiri mælikvarða sem sýna best tengslin á milli aðgerða fyrirtækisins og áhrifa þeirra á sjálfbæra þróun þannig að hægt sé að mæla frammistöðu.

Heimsmarkmiðunum fylgja um 230 mælikvarðar sem taka helst mið af ríkjum og gagnast því fyrirtækjum að takmörkuðu leyti. Þess í stað hafa ýmsar stofnanir og fyrirtæki aðlagð eða þróað mælitæki út frá heimsmarkmiðunum. Ýmis vinsæl mælitæki á sjálfbærni fyrirtækja hafa þannig verið tengd við heimsmarkmiðin, svo sem [Global Reporting Initiative \(GRI\)](#) og [UFS-viðmið Nasdaq \(e. ESG\)](#). Slíkum leiðbeiningum er ætlað að aðstoða fyrirtæki að birta upplýsingar á skýran, aðgengilegan og samanburðarhæfan hátt fyrir fjárfesta og aðra hagaðila. Auk þess geta fyrirtæki aðlagð sína eigin mælikvarða og árangursvísa (e. KPIs) að heimsmarkmiðunum.

Á [undirsíðu sdgcompass.org](#) er hægt að sjá lista yfir það hvernig öll heimsmarkmiðin og undirmarkmið þeirra hafa verið tengd við árangursvísa fyrirtækja þar sem það er hægt. Fyrirtæki geta valið þá mælikvarða sem eru mest viðeigandi fyrir sín áherslumarkmið eða nýtt þau sem innblástur til að skilgreina eigin mælikvarða.

Við val á árangursviðmiðum og mælikvörðum er vert að hafa í huga:

- Hvernig vitum við að við erum á réttri leið?
- Hvernig vitum við að aðgerðir okkar skapa breytingar til batnaðar?

Samráð við hagaðila getur hjálpað til við að svara síðari spurningunni enda getur verið um fjölbreytt áhrif að ræða efnahagslega, félagslega og umhverfislega.

### Upphafsmælingar

Nauðsynlegt er að hafa traustar upplýsingar sem grundvöll fyrir ákvarðanir. Til að tryggja ápreifanleg gögn sem verða undirstaða fyrir forgangsröðun er æskilegt að gera upphafsmælingar. Þar með er hægt að sýna fram á hvar helstu áhrif og áskoranir liggja.

Það er ekki alltaf hægt að safna gögnum með beinum hætti út af áhrifum sem verða ofar eða neðar í virðiskeðjunni. Einnig getur virðiskeðjan verið flókin í samsetningu. Kostnaður og umfang við mælingar ætti að vera í réttu hlutfalli við það virði sem mælingin styður við að skapa.

Það er skilvirkara að nota núverandi viðskiptakerfi og -ferla við gagnasöfnun heldur en að þróa nýjar mæliaðferðir. Til að mynda er hentugt að sækja gögn úr innkaupa- eða sölukerfum, gæðastjórnunarkerfum, mannauðsgagnagrunnum og kerfum sem halda utan um orkunotkun og úrgangsmál. Ef hins vegar nauðsynleg gögn eru ekki aðgengileg í núverandi kerfum er vert að styðjast við aðrar aðferðir við gagnasöfnun eins og að innleiða skýrslukerfi innan fyrirtækis og/eða fyrir birgja, framkvæma vettvangsathuganir, spurningakannanir, rýnihópa, viðtöl og fleira.


Fyrir hverja gagnasöfnunaraðferð er mælt með að fyrirtækið greini áhættuna af rangri upplýsingagjöf og setji upp stjórnæki til að tryggja gæði gagna, svo sem með skýrum verkferlum við gagnasöfnun. Innri og ytri sannprófun mun hjálpa til við að auka áreiðanleika gagnanna.

## Setja fram aðgerðaáætlun með tímasettum og mælanlegum markmiðum

Eftir samráð við hagaðila um forgangsröðun heimsmarkmiðanna og upphafsmælingar er æskilegt að setja fram aðgerðaáætlun, svo sem í formi verkefnavals sem endurspeglar forgangsröðunina. Tímasett og mælanleg markmið ýta undir skilvirkni við innleiðingu verkefnanna.

Sem eitt uppspunnið dæmi getur fyrirtæki sett sér markmið um jafnt kynjahlutfall í framkvæmdastjórn fyrirtækisins við árslok 2025 og byggt það á upphafsmælingu árið 2020.

**Dæmi: Umhverfismarkmið verkfræðistofunnar EFLU og árangur 2020.** Sjá nánar í [samfélagsskýrslu Eflu](#) á vef fyrirtækisins.





## Skuldbinding við viðmið og viljayfirlýsingar

Skuldbinding við viðmið og viljayfirlýsingar um sjálfbærni er af mörgum fyrirtækjum valin sem leið til að aðgerðabinda áherslur tengdar heimsmarkmiðunum og setja sér árangursmarkmið. Sem dæmi um viðmið og yfirlýsingar má nefna:

- [UN Global Compact](#), viðmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni
- [PRI](#) (e. Principles for Responsible Investment), viðmið um ábyrgar fjárfestingar
- [Loftslagsyfirlýsing Festu og Reykjavíkurborgar](#) sem er tengd Parísarsáttmálanum
- [Ábyrg ferðabjónusta](#)
- [Viljayfirlýsing um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar](#)

Hefur þitt fyrirtæki hugleitt að skrifa undir viðmið og yfirlýsingar sem tengjast heimsmarkmiðunum?

### Regluleg endurskoðun á forgangsröðun heimsmarkmiðanna og aðgerðaáætlun

Mikilvægt er að hafa í huga að forgangsröðun heimsmarkmiðanna byggir á huglægu mati á mestu áhrifum fyrirtækis á efnahag, samfélag og umhverfi. Þess vegna er gott að halda til haga upplýsingum um ferlið með gagnsæjum hætti. Eins er mælt með að endurskoða forgangsröðunina og áhersluverkefnið reglulega, til dæmis árlega, til að fylgjast með hvernig áhrifin þróast.

## Birta skuldbindingar sínar

Þegar aðgerðaáætlunin er tilbúin getur skapað virði að birta og kynna hana opinberlega. Áætlunin getur hvatt hagaðila innan og utan fyrirtækis til að taka þátt í innleiðingunni. Um leið getur slík birting hvatt ýmsa hagaðila til að þróa og deila sínum áætlunum og vinna saman. Nánar er fjallað um samstarf um heimsmarkmiðin í næsta skrefi, um innleiðingu, og bent á leiðir til að koma verkefnum sínum og áherslum á framfæri. Áætlanir um aðgerðir tengdar sjálfbærni eru gjarnan birtar í árs- og samfélagsskýrslum fyrirtækja sem og í viðeigandi stefnum á sviði stjórnarhátta, umhverfis-, samfélags- og mannauðsmála. Lykilatriði er að skuldbindingarnar feli í sér tímasett og mælanleg markmið.

Dæmi: Loftslags- og umhverfismarkmið Landsvirkjunar eru meðal annars birt á [vef fyrirtækisins](#).



Árið 2025 verður starfsemi Landsvirkjunar kolefnishlutlaus



Við ætlum að hætta að kaupa jarðefnaeldsneyti árið 2030



Við ætlum að halda árlegri losun gróðurhúsa-lofttegunda undir 4 gCO<sub>2</sub> ígilda á kWst



Enginn virkur úrgangur frá almennt starfsemi fer til urðunar árið 2024

## Ákveða innra skipulag innleiðingarinnar - hvar ábyrgðin mun liggja, tenging við lykil ferla og fjármögnun

Við skipulag á innleiðingu heimsmarkmiðanna þarf að huga að ýmsu varðandi skipulag, svo sem:

- Ákveða hvar í starfseminni ábyrgðin á innleiðingu heimsmarkmiðanna mun liggja. Ábyrgð og umboði er varðar innleiðinguna þarf að skipta niður og miðla með skýrum hætti innan starfseminnar.
- Ákveða hvernig á að samþætta heimsmarkmiðin inn í lykil ferla. Þarf að breyta eða bæta við nýjum verkferlum? Þetta gæti tengst skýrslugerðum og annarri starfsemi. Tryggja þarf að allar deildir innan starfseminnar séu upplýstar um vinnuna og að ákvörðunum sé miðlað skýrt innan starfseminnar.
- Ákveða fjármögnun. Kallar innleiðing á heimsmarkmiðunum á sérstaka fjármögnun eða tengist hún núverandi útgjaldaliðum?

Til að ná sem mestum árangri ættu áherslur fyrirtækisins á heimsmarkmiðin að vera samþætt öllum fjárhagslegum, stefnumarkandi og rekstrarlegum ferlum og standa jafnfætis markmiðum um sölu og framleiðni. Enn frekari samþætting felur í sér að sjálfbærni endurspeglast í lýsingu á framtíðarsýn og hlutverki fyrirtækisins.

**Dæmi um samþættingu sjálfbærni við stefnu, hlutverk og framtíðarsýn fyrirtækisins:**

**ÁTVR:** Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar.

**Landsvirkjun:** Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtæki er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi.

**Marel:** Framtíðarsýn Marel er heimur þar sem gæðamaturlaus er framleiddur á sjálfbæran og hagkvæman hátt.

**IKEA:** Stefna IKEA er að veita innblástur og gera eins mörgum og mögulegt er kleift að lifa sjálfbærara lífi á einfaldan og hagkvæman hátt.

## 4. skref: Innleiðing

### Byrja að innleiða í samstarfi við hagaðila

Innleiðingin felur í sér að vinna eftir þeim stefnum og áætlunum sem hafa verið settar fram í takt við heimsmarkmiðin. Segja má að samansafn daglegra aðgerða starfsfólks geri stefnur og áætlanir að veruleika sem og þátttaka hagaðila.

Öflug forysta af hálfu forstjóra og annarra ædstu stjórnenda er lykillinn að farsælli innleiðingu heimsmarkmiðanna líkt og annarra áherslubreytinga. Þetta er ekki síður mikilvægt þegar innleiða á sjálfbærni inn í viðskiptalíkan fyrirtækisins án þess að viðskiptavirðið sé augljóst meðal allra innan fyrirtækisins.

Með því að samþætta sjálfbærni inn í rekstur fyrirtækisins skapast möguleikar á að umbreyta öllum þáttum í kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þar á meðal vörum þess og þjónustuframboði, stjórnun virðisæðjunnar, val og notkun á hráefnum, samgöngum og dreifingarleiðum sem og ákvarðanir tengdar enda á líftíma vörunnar. Ef sjálfbærni er ekki tengd við kjarnastarfsemi fyrirtækis er hættu á að þetta detti út sem áhersla eða verði aukinn kostnaður í rekstri og það náist einungis hluti af þeim árangri sem hægt er að ná.

### Veita fræðslu til starfsfólks og hagaðila

Til að tryggja góða innleiðingu er vert að huga að fræðslu um sjálfbærni og áherslur fyrirtækisins á heimsmarkmiðin til starfsfólks. Starfsfólk þarf að máta heimsmarkmiðin við sín daglegu störf og finna út hvort það sé að vinna í takt við stefnur og aðgerðaáætlanir. Eins þarf að huga að sambærilegri fræðslu til annarra hagaðila sem hafa lykilhlutverk í innleiðingu á aðgerðaáætlunum.

## 4. skref



**Dæmi: Mannvit hefur sett heimsmarkmið í fóstur hjá starfsfólki**

Verkefnið „[Heimsmarkmið í fóstur](#)“ hjá Mannvit gengur út á að auka vitund starfsfólks um heimsmarkmiðin í daglegum verkefnum og í ráðgjöf til viðskiptavina samhliða því að setja fyrirtækinu enn skýrari markmið tengdum heimsmarkmiðunum. Nokkrir faghópar fengu valin heimsmarkmið til að huga að með því að tengja verkefni sín við tiltekið heimsmarkmið og greina hvornig væri hægt að gera enn betur.

### Loftslagsmælir og fræðslupakki Festu

Fræðslupakki um loftslagsmál ásamt Loftslagsmæli Festu, [climatepulse.is](#), er til afnota og að kostnaðarlausu á [vef Festu](#).

Fræðslupakkann vann Festa í góðum hópi sérfræðinga og fyrir styrk úr Loftslagssjóði. Fræðslupakkanum er ætlað að gagnast öllum þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í að móta sér loftslagsstefnu, mæla kolefnisspor og draga úr losun. Hann nýtist því fyrirtækjum í markmiðasetningu og innleiðingu heimsmarkmiðanna sem tengjast loftslagsmálum.

## Halda reglulega fundi, að minnsta kosti árlega stefnufundi, til að tryggja skuldbindingu við áætlanir

Til að halda öllum í fyrirtækinu við efnið er æskilegt að halda reglulega fundi, að minnsta kosti árlega, til að fara yfir stefnur og áætlanir tengdar heimsmarkmiðunum. Þar með aukast líkur á að tryggja skuldbindingu við áætlanir og að innleiðingin verði farsæl.

### Loftslagsvegvisir atvinnulífsins

Tilgangur [loftslagsvegvisisins](#) er að skilgreina stöðu loftslagsáhrifa í hverri atvinnugrein og móta stefnu og tillögur til úrbóta. Vegvisirinn var unninn undir forystu [Grænvangs](#), samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs í loftslagsmálum, í samstarfi við Samorku, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Bændasamtök Íslands.

Líkt og Fræðslupakki Festu um loftslagsmál nýtist loftslagsvegvisirinn fyrirtækjum í markmiðasetningu og innleiðingu heimsmarkmiðanna sem tengjast loftslagsmálum.

## Vera í samtali við hagaðila og önnur fyrirtæki

Það getur veitt hagaðilum innblástur að fyrirtækið vinni að heimsmarkmiðunum og öfugt. Því er æskilegt að vera í samtali í innleiðingunni.

Það getur reynst hagnýtt að læra af öðrum fyrirtækjum, meðal annars með því að efna til og taka þátt í fundum um heimsmarkmiðin innan lands og utan. Hægt er að deila sögum af árangri og lausnum sem og mistökum til að

læra af. Sem dæmi um vettvanga sem halda reglulega fundi um heimsmarkmiðin eða innleiðingu á samfélagsábyrgð og sjálfbærni almennt eru [Festa, Stjórnvísir – faghópur um samfélagsábyrgð fyrirtækja](#) og [Samtök atvinnulífsins](#) á meðal annars árlegum fundum um umhverfismál, jafnréttismál og menntamál. Auk þess má nefna vettvanga á borð við [Loftslagsráð](#), [Jafnréttisþing](#) og [Grænni byggð](#).

Einnig má nefna að rýnivinna innan fyrirtækja getur nýst vel. Dæmi um slíkt er verkefni hjá [Mannvit](#) sem ber heitið „Heimsmarkmið í fóstur“ þar sem greind voru tækifæri og áskoranir tengdar tilteknu heimsmarkmiði.

### Dæmi: Vörður

Tryggingafélagið Vörður lýsir vegferð sinni í [samfélagsábyrgð og sjálfbærni](#) þannig að byrjað var á áherslum í umhverfismálum sem þróaðist síðan í áherslur á samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Heimsmarkmiðin voru tengd inn í vinnuna eftir að þau komu fram. Samstarf og skuldbindingar við yfirlýsingar hafa skipt miklu máli í vegferðinni, svo sem að ganga til liðs við Festu, skrifa undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar og gerast aðilar að IcelandSIF. Heimsmarkmið í forgangi hjá Verði eru númer 3, 5, 9, 12 og 13.

## Sækja innblástur í fyrirmyndir og skoða möguleika á frekara samstarfi við ýmsa aðila

Á vefnum og í samtali við fyrirtæki og fleiri aðila er hægt að fá hugmyndir að verðugum verkefnum og verklagi tengdu heimsmarkmiðunum sem og koma á fót samstarfi.

### Heimsmarkmiðagáttin

Á vefnum [www.heimsmarkmidin.is](http://www.heimsmarkmidin.is) er að finna gátt þar sem öllum er frjálst að koma verkefnum sínum tengdum heimsmarkmiðunum á framfæri. Skráning verkefna í gáttina getur verið hvetjandi fyrir stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök, sveitarfélög og íbúa til að auka sjálfbærni í daglegri starfsemi og lifnaðarháttum. Þá getur innsending verkefnis verið góð leið til þess að vekja athygli á góðum verkefnum og kynna sig til leiks sem brautryðjanda á sviði sjálfbærrar þróunar. Gáttin getur einnig nýst til þess að leita sér

innblásturs hjá sambærilegum aðilum og jafnvel til þess að finna mögulega samstarfsfélaga.

Verkefnagáttinni er ritstýrt af verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin og var litið til nokkurra erlendra fyrirmýnda við þróun hennar. Öll þau sem vinna að verkefnum sem stuðla að framgangi heimsmarkmiðanna eru hvött til þess að setja verkefni sín í gáttina. Athugið að verkefni þurfa að uppfylla nokkur skilyrði. Verkefni skulu fela í sér ný, mælanleg markmið sem stuðla að sjálfbærri þróun og þar með framgangi heimsmarkmiðanna. Þá skal sett fram tímasett áætlun og tiltekið hvenær áætlað er að markmiðum verði náð.

Er þitt fyrirtæki með verkefni tengt heimsmarkmiðunum sem á heima í verkefnagáttinni á [heimsmarkmidin.is](http://heimsmarkmidin.is)?

#### Business for SDGs - #BIZfor2030, @BIZfor2030

Á vefnum [www.businessfor2030.org](http://www.businessfor2030.org) er hægt að finna ýmis dæmi um hvernig fyrirtæki um allan heim vinna að heimsmarkmiðunum. Hægt er að skoða verkefni flokkuð eftir heimsmarkmiðunum annars vegar og fyrirtækjum hins vegar. Á Twitter og Instagram er líka hægt að fylgjast með þessari upplýsingamiðlun í gegnum #BIZfor2030 og @BIZfor2030.

Hægt er að skapa og þróa fleiri samstarfsmöguleika þegar kemur að ákveðnum heimsmarkmiðum og verkferlum, svo sem markmiðum sem snúa að kolefnishlutleysi, loftslagsstefnum, sköpun atvinnutækifæra, aukinni velferð fólks og verkferlum á borð við mælingar.

#### Samstarf við fjárfesta og sjóði

Fyrirtæki getur skoðað möguleika á samstarfi við fjárfesta um lausnir tengdar heimsmarkmiðunum, svo sem með útgáfu á grænum eða félagslegum skuldabréfum. Eins getur verið vert að skoða verkefni og fjármögnunartækifæri á alþjóðavísu, svo sem í gegnum [Heimsmarkmiðasjóð](http://Heimsmarkmiðasjóð) [atvinnulífsins](http://atvinnulífsins) og aðrar leiðir sem kynntar eru í gegnum [Heimstorg](http://Heimstorg) [Íslandsstofu](http://Íslandsstofu).

Verkfærakista um heimsmarkmiðin fyrir fyrirtæki

### Dæmi: Nordic CEOs for a Sustainable Future



Forstjórar nokkurra stórfyrirtækja á Norðurlöndum hafa myndað með sér [samstarfsvettvang](http://samstarfsvettvang) um heimsmarkmiðin. Markmiðið er að vinna saman að ákveðnum áherslum tengdum heimsmarkmiðunum, svo sem loftslagsmálum og jafnréttismálum, og í samráði við Norrænu ráðherranefndina. Marel og Íslandsbanki eru á meðal fyrirtækja í samstarfinu.

### Samstarf fjárfesta

Félagið [IcelandSIF](#) sem nefnt hefur verið sem dæmi um samráðsvettvangur hér að framan, er félag um ábyrgar fjárfestingar og kjörinn samráðsvettvangur fyrir fjárfesta sem vilja huga að fjárfestingum tengdum heimsmarkmiðunum. Tilgangur félagsins er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræður um slíkar fjárfestingar.

### Samstarf við sprota

Viðskiptahraðlar sem leggja áherslu á sjálfbærni skapa vettvangur fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki til að þróa lausnir tengdar heimsmarkmiðunum. Þar eru valdar lausnir út frá sköpun á virði fyrir umhverfi, samfélag og efnahag. Slíkar lausnir skapa möguleika fyrir sjálfbærar fjárfestingar og samstarfsmöguleika við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. [Snjallræði](#) og [Hringiða](#) eru dæmi um viðskiptahraðla af þessu tagi.

## Heimstorgið og Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins

[Heimstorg Íslandsstofu](#) er upplýsinga- og samskiptagátt fyrirtækja sem leita viðskiptatækifæra í þróunarlöndum og víðar. Tækifærin tengjast heimsmarkmiðunum þar sem stutt er við lausnir sem fela í sér aukna sjálfbærni, svo sem einfaldar, snjallar og umhverfisvænar lausnir sem efla uppbyggingu samfélaga.

[Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins](#) er meðal sjóða sem Heimstorgið veitir upplýsingar um. Sjóðurinn styrkir verkefni íslenskra fyrirtækja til að draga úr fátækt og styðja við atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í þróunarlöndum. Sérstök áhersla er lögð á atvinnusköpun kvenna og að verkefni hafi jákvæð umhverfisáhrif. Grundvallaratriði er að verkefni styðji við heimsmarkmiðin, einkum heimsmarkmið átta um atvinnuþróun og atvinnusköpun.

# 5. skref: Mælingar og miðlun



## Mæla og nýta gögn um innleiðingu heimsmarkmiðanna til að meta árangur og framhald

Mikilvægt er að framkvæma reglulegar mælingar á árangri áætlana tengdum heimsmarkmiðunum og nýta þær til að leggja mat á árangur og endurskoða áætlanir.

Lykilatriði er að greina frá samanburðarhæfum upplýsingum með notkun sameiginlegra kvarða og gagnagrunna fyrir fyrirtæki til að meta árangur í. Þannig næst fram aukið heildarmat á árangri. Í slíkri vinnu gagnast stöðluð alþjóðleg mælitæki á sjálfbærni fyrirtækja, svo sem UFS-viðmið Nasdaq (e. ESG) og Global Reporting Initiative (GRI).

**Val á mælikvörðum**  
Fjallað er um val á mælikvörðum í skrefi þrjú.

## Miðla niðurstöðum mælinga inn á við og út á við

Æskilegt er að birta niðurstöður mælinga á innleiðingu heimsmarkmiðanna til að upplýsa helstu hagaðila um árangurinn og skapa hvatningu og aðhald um framhald vinnunnar. Í þessu ferli er gott að gera sér grein fyrir því að vinna að heimsmarkmiðunum er langhlaup en ekki spretthlaup. Þó er vissulega hægt að ná markvissum árangri á stuttum tíma, ekki síst þegar raunhæfar og tímasettar áætlanir eru hafðar að leiðarljósi.

Vaxandi fjöldi fyrirtækja á Íslandi gefur út árlegar sjálfbærnisráskýrslur, ýmist sem sérstakar skýrslur eða með því að samþætta upplýsingar um sjálfbærni inn í ársskýrslur sínar. Í skýrslunum má í auknum mæli sjá umfjöllun um heimsmarkmiðin út frá þeim stefnum og mælikvörðum sem fyrirtæki setja

sér og tengja við heimsmarkmiðin. Slík upplýsingagjöf getur hvatt til umbóta, virkjað hagaðila og laðað að fjárfesta.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í lögum um ársreikninga frá 2016 (grein 66d) er kveðið á um skyldu fyrirtækja af ákveðinni stærð og eininga tengdum almannahagsmunum til að birta ófjárhagslegar upplýsingar. Þar með er gerð krafa um birtingu upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að leggja mat á þróun, umfang og stöðu fyrirtækja í tengslum við umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál.

**Heimsmarkmið um miðlun sjálfbærniupplýsinga**

Heimsmarkmið 12, um ábyrga neyslu og framleiðslu, tengist með ýmsum hætti sjálfbærni í fyrirtækjarekstri, meðal annars með ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda í framleiðslu og áherslu á aukna sjálfbærni í ferðaþjónustu. Undirmerkið 12.6 fjallar sérstaklega um innleiðingu á sjálfbærni í fyrirtækjarekstri og að fyrirtæki veiti upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.

## Meta hvernig áætlun eigi að gera um reglulega miðlun vinnunnar

Æskilegt er að setja fram áform um reglulega birtingu og miðlun á mælingum tengdum heimsmarkmiðunum. Með því móti verður vinnan markvissari og gagnsærri og hægt að sýna fram á þróun árangurs. Þetta skapar um leið tækifæri til að benda á áskoranir í ferlinu og getur hjálpað til við að svara mögulegri gagnrýni á fyrirtækið ef það nær ekki markmiðum sínum í tæka tíð.

Sem dæmi er hægt að miðla við árlega stöðutöku og miðlun vinnunnar. Hægt er að ákveða að miðlunin fari fram á ákveðnum fundum með innri og ytri hagaðilum og að niðurstöður séu birtar með ákveðnum hætti opinberlega, til dæmis á vefsíðu fyrirtækisins.

**Viðurkenning fyrir samfélagskýrslu ársins á Íslandi** er veitt árlega af hálfu Festu, Stjórnvísi og Viðskiptaráðs Íslands. Viðurkenninguna hlýtur fyrirtæki eða stofnun sem birtir upplýsingar um samfélagsábyrgð sína með markvissum og vönduðum hætti. Verðlaunin eru hvatning til vinningshafa og annarra um að standa vel að skýrslugjöf um samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

[Á vef Festu](#), undir kaflanum *Sjálfbærni- og samfélagskýrslur*, má nálgast þær skýrslur sem hafa verið tilnefndar frá upphafi og geta nýst sem fyrirmyndir.

**Landsbankinn** hlaut fyrst fyrirtækja viðurkenninguna fyrir samfélagskýrslu ársins. Skýrslur bankans fylgja viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI). Bankinn hefur auk þess gengist undir UFS-áhættumat (e. ESG rating). Nálgast má skýrslur bankans og samfélagsstefnu sem tengir við heimsmarkmiðin [hér](#).

## Vera í samtali við hagaðila og skapa tækifæri fyrir þá til að miðla sinni þekkingu og reynslu

Mikilvægt er að meta árangur og endurskoða áætlanir fyrirtækis í samstarfi við þá hagaðila sem þurfa að leggjast á árnar til að árangur náist. Þannig gefst um leið innsýn inn í þá vinnu sem ýmsir aðilar hafa lagt af mörkum og hægt er að meta hvað gekk vel og hvað sé hægt að bæta.

Vert er að kanna möguleika á því að skapa vettvang fyrir hagaðila til að miðla sinni þekkingu, reynslu og sjónarmiðum reglulega þegar kemur að árangri af innleiðingu heimsmarkmiðanna sem fyrirtæki hefur sett í forgang. Slík miðlun getur skapað möguleika á auknu og betra samstarfi við áframhaldandi innleiðingu markmiðanna. Ein leið getur verið að hafa teymi innan fyrirtækisins sem rýnir í mælingar á árangri innleiðingarinnar og kemur á fundum og rýnihópum með fleiri aðilum innan og utan fyrirtækisins þannig að virkar samræður eigi sér stað.

## Endurmat

Æskilegt er að endurskoða reglulega forgangsröðun, áhersluverkefni og aðgerðir, ekki síst í kjölfar mælinga. Við endurmat á innleiðingu heimsmarkmiðanna er hægt að endurtaka skref tvö til fimm í þessari verkfærakistu.

## Mælingar og miðlun stjórnvalda

Hagstofan [birtir mælingar](#) út frá þeim mælikvörðum sem fylgja heimsmarkmiðunum.

Íslensk stjórnvöld hafa með samþykkt heimsmarkmiðanna skuldbundið sig til þess að gera grein fyrir innleiðingunni þrisvar á gildistíma markmiðanna, sem sagt til ársins 2030. Fyrsta stöðutakan var kynnt fyrir Sameinuðu þjóðunum árið 2019 með útgáfu [landsrýnskýrslu](#) (e. Voluntary National Review).



# Annað hagnýtt efni

## Merki heimsmarkmiðanna

Merki heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru 17 talsins. Merkin má finna á íslensku á [vef heimsmarkmiðanna](#).

Aðilar utan Sameinuðu þjóðanna mega nota merkin svo lengi sem farið er eftir leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna um notkun þeirra. Hvert merki þarf að nota í heild sinni, það er númerið, heitið og myndina. Óheimilt er að breyta merkjunum eða afskræma á nokkurn hátt.

Notkun merkjanna í auglýsinga- og markaðsskyni krefst skriflegs leyfis frá Sameinuðu þjóðunum. Senda þarf tölvupóst á netfangið [SDGpermissions@un.org](mailto:SDGpermissions@un.org) með viðfangsefninu „SDG LOGO/ICON REQUEST“, allt í hástöfum. Notkun sem felur í sér auglýsingu í eigin þágu, eða persónulegan fjárhagslegan ávinning, er almennt ekki leyfð.

Ekki þarf að biðja um leyfi ef ætlunin er að nota merkin í kynningum innanhúss, fréttabréfum, ársskýrslum eða öðrum fyrirtækjagögnum sem sýna hvernig starfsemi fyrirtækisins stuðla að framgangi heimsmarkmiðanna.

## Innlendar og erlendar fyrirmýndir

Hér er stutt yfirlit yfir innlent og erlent efni sem getur veitt hugmyndir og hagnýt dæmi um innleiðingu heimsmarkmiðanna. Þessi listi er ekki tæmandi.

### Innlent efni

**Upplýsingasíða og verkefnagátt um heimsmarkmiðin** – heimsmarkmidin.is. Hagnýtar upplýsingar um heimsmarkmiðin og verkefnagátt með dæmum frá sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagasamtökum, menntastofnunum o.fl.: <https://www.heimsmarkmidin.is/>

- Á heimsmarkmidin.is er hlekkur á síðu Hagstofunnar með tölfræði heimsmarkmiðanna sem sýnir stöðuna á mælingum heimsmarkmiðanna á Íslandi: <https://visar.hagstofa.is/heimsmarkmidin/>

**Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni** sem leiðbeinir aðildarfélögum á sviði sjálfbærni: <https://samfelagsabyrgd.is/>

- Undirsíða á vef Festu með upplýsingar um heimsmarkmiðin: <https://samfelagsabyrgd.is/verkefnin/heimsmarkmidin/>

**Grænvangur**, samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Hér má finna Loftslagsvegvísi atvinnulífsins: <https://graenvangur.is/>

**Himinn og haf** – fræðsluvefur um losun gróðurhúsalofttegunda og skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum: <https://himinnoghaf.is/loftslagsmal/>

**IcelandSIF** – samtök um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar: <https://www.icelandsif.is/>

**Staðlaráð Íslands** – upplýsingar um staðla sem tengjast heimsmarkmiðunum: <https://stadlar.is/frettir-og-pistlar/stok-frett/2020/05/21/Heimsmarkmid-Sameinudu-thjodanna-/>

**UN Global Compact aðild og tengslanet** – upplýsingar um aðild íslenskra fyrirtækja að UN Global Compact og tengslanet þeirra: <https://www.globalcompact.is>

## Erlent efni

**Business for SDGs** er vefur með ýmsum dæmum um hvernig fyrirtæki um allan heim vinna að heimsmarkmiðunum: [www.businessfor2030.org](http://www.businessfor2030.org)

**Global Reporting Initiative (GRI)** - ítarlegir staðlar um sjálfbærni fyrirtækja: <https://www.globalreporting.org/standards/media/1036/gri-101-foundation-2016.pdf>

- GRI mæligildi á íslensku: [https://samfelagsabyrgd.is/assets/2020/05/gri-standards\\_2020-final.pdf](https://samfelagsabyrgd.is/assets/2020/05/gri-standards_2020-final.pdf)

**SDG Compass:** <https://sdgcompass.org/>

- Undirsíða sem sýnir kortlagningu árangursvísa fyrirtækja við heimsmarkmiðin: <https://sdgcompass.org/business-indicators/>
- Undirsíða með skrá yfir ýmis tól fyrir fyrirtæki tengd sjálfbærni sem sýnt er hvernig tengjast einu eða fleirum heimsmarkmiðanna: <https://sdgcompass.org/business-tools/>

**SDG Action Manager** – innleiðingartól fyrir fyrirtæki þar sem fyrirtæki skrá markmið sín og aðgerðir í rafrænt kerfi og fá leiðbeiningar um greiningu á framförum: <https://www.unglobalcompact.org/take-action/sdg-action-manager>

**Sustainable Development Report** – [sdgindex.org](http://sdgindex.org) - Mælaborð á frammistöðu hvers aðildarríkis Sameinuðu þjóðanna á innleiðingu heimsmarkmiðanna: <https://sdgindex.org/>

**SDG Academy** – ókeypis stafræn námskeið og námsefni um sjálfbæra þróun og heimsmarkmiðin: <https://sdgacademy.org/>

**UFS (e. ESG)** leiðbeiningar Kauphallar Nasdaq á íslensku: [https://samfelagsabyrgd.is/assets/2021/02/0433-q21\\_icelandic-esg-translation\\_cc\\_uppfart-2.2021.pdf](https://samfelagsabyrgd.is/assets/2021/02/0433-q21_icelandic-esg-translation_cc_uppfart-2.2021.pdf)

- UFS mæligildi á íslensku: [https://samfelagsabyrgd.is/assets/2021/02/0433-q21\\_icelandic-esg-translation\\_cc\\_uppfart-2.2021.pdf](https://samfelagsabyrgd.is/assets/2021/02/0433-q21_icelandic-esg-translation_cc_uppfart-2.2021.pdf)

**UN Global Compact** – ýmsar upplýsingar tengdar sjálfbærni og heimsmarkmiðunum með útgangspunkti í tíu viðmiðum Global Compact um samfélagsábyrgð og sjálfbærni: <https://unglobalcompact.org/>

- Undirsíða Global Compact með ábendingum um hvernig fyrirtæki geta unnið að hverju og einu heimsmarkmiðanna: <https://www.unglobalcompact.org/sdgs/17-global-goals>
- Bókasafn UN Global Compact með ýmsum hagnýtum upplýsingum um innleiðingu heimsmarkmiðanna: <https://www.unglobalcompact.org/library>
- Undirsíða Global Compact þar sem hægt er að fletta upp fyrirtækjum víða um heim sem hafa skrifað undir viðmiðin og birta þarna sjálfbærnisráskýrslur sínar (e. COP – Communication on Progress) þar sem víða má finna tengingar við heimsmarkmiðin: <https://unglobalcompact.org/engage-locally>

